

## Gæði sáðvöru

Sáðvara sem flutt er til landsins þarf að uppfylla ákvæðin skilyrði til að heimilt sé að versla með hana. Landbúnaðarstofnun sér um eftirlit með sáðvöru samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 301 frá 1995 og breytingu á henni nr. 202 frá 1996. Hlutverk þess er að sjá um að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt og gefa út innflutningsheimildir fyrir sáðvöru sem uppfyllir þau skilyrði sem sett eru í reglugerðinni. Landbúnaðarstofnun á að koma í veg fyrir að sáðvara sem ekki uppfyllir þessi skilyrði fari á markað og vernda þannig hagsmuni bænda og annarra sem sáðvöruna nota.

Í 1. viðauka reglugerðarinnar eru taldar upp þær plöntutegundir sem eru skilgreindar sem sáðvara á Íslandi. Ekki hefur verið gefinn út listi yfir þau afbrigði sem má nota á Íslandi og þ.a.l. má selja hér hvaða afbrigði sem er, hvort sem það á einhverja möguleika á því að vaxa hér eða ekki. Hins vegar gefur [Rannsóknarstofnun landbúnaðarins](#) (RALA) í samvinnu við [Bændasamtök Íslands](#), [Bændaskólann á Hvannefri](#) og [Garðyrkiuskóla ríkisins](#) út á hverju ári lista yfir yrki sem mælt er með að nota hér á landi, þ.e. afbrigði sem vitað er að geti vaxið hér. Þennan lista er hægt að fá hjá RALA (sími 577-1010) og einnig er hægt að leita til sérfræðinga þar ef bændur eru í vafa um hvort tiltekið yrki hentar til notkunar hér.

## Merkingar

**Allar þakningar skulu vera með vörulýsingu** eins og greint er hér að neðan. Sé vörulýsingin ekki á íslensku skal íslensk þýðing fylgja með við sölu.

1. EES-reglur og kröfur
2. Fyrirtækjaheiti eða merki ("lógó") fyrirtækis.
3. Heiti aðildarríkis eða skammstöfun þess og hugsanlega nafn eftirlitsaðila Númer framleiðslueiningar
4. Tegund og stofn
5. Nettó- eða brúttóþyngd
6. Þyngdarhlutfall hreins fræs
7. Þyngdarhlutfall illgresisfræs
8. Spírunarhæfni
9. Aðrar upplýsingar

Bændur eiga að geta fengið upplýsingar um hvaða afbrigði þeir eru að kaupa, spírun og "mengun" (fræ af öðrum tegundum en þeir eru að kaupa) frá söluaðilanum því ekki er veitt innflutningsheimild fyrir fræ nema þessar upplýsingar liggi fyrir. Að sjálfsögðu geta bændur svo farið fram á að Landbúnaðarstofnun athugi sáðvöru sem þeim finnst vera óeðlileg á einhvern hátt og geta þá annað hvort haft samband beint við Landbúnaðarstofnun eða talað við ráðunautana í sínu héraði og þeir svo aftur haft samband við Landbúnaðarstofnun.

## Gæðakröfur

Í reglugerðinni eru taldar upp þær gæðakröfur sem gerðar eru til fræs sem selt er hér á landi. Fyrir grastegundirnar gilda þær meginreglur að lágmarksspírunarhæfni skal vera 75-80% af fjölda og lágmarkshreinleiki 75-96% af þyngd, mismunandi eftir tegundum. Hámarksinnihald fræja af öðrum tegundum jurta er 1-2,5% af þyngd alls. Fyrir belgjurtir eru kröfurnar þær að lágmarksspírunarhæfni skal vera 75-85% af fjölda, lágmarkshreinleiki er 95-98% af þyngd og hámarkshlutfall af fræi annarra tegunda er 0,5-1,8% alls af þyngd. Fyrir korn, þ.e. bygg, hafra og hveiti gildir að lágmarkskrafa til stofnhreinleika er 99,7% en rúgur skal vera hreinn miðað við stofn. Spírunarhæfni korns skal vera 85-90%.

Með lágmarksspírunarhæfni er átt við þann lágmarksfjölda fræja sem spírar í spírunarprófi. Svo dæmi sé tekið af vallarfoxgrasi eru gerðar þær kröfur að af 100 fræjum sem tekin eru til spírunarprófunar spíri a.m.k. 80 til að fræið teljist söluhæft.

Með lágmarks hreinleika er átt við það að a.m.k. 96% (svo haldið sé áfram með vallarfoxgrasið sem dæmi) af þyngd sýnisins verður að vera hreint fræ, eða með öðrum orðum ekki má vera meira en 4% af "öðru", þ.e. hismi, stönglum, "dauðum" fræjum o.þ.h.

Hámarksinnihald fræja af öðrum tegundum segir svo til um hve mikið má vera af fræjum annarra tegunda - mælt í þunga en ekki fjölda. Sé tekið dæmi af vallarfoxgrasi á í 100 gramma sýni að vera a.m.k. 98,5 grömm af vallarfoxgras-fræi en 1,5 grömm mega vera af öðrum jurtum.

Upplýsingar um tölur fyrir einstakar tegundir og nánari upplýsingar varðandi þær kröfur sem gerðar eru til fræs eru gefnar hjá Landbúnaðarstofnun.